


Tígrisdýr



By

Sigríður Lára Jónasdóttir
náttúrufræði
Gyða Björk
október 2014

EFNISYFIRLIT

inngangur.....	2
Tígrisdýr.....	2
fæða	2
afkvæmi.....	3
Útlit.....	4
hegðun	4
útrýmingarhætta	5
Síberskt tígrisdýr	5

INNGANGUR

Í þessari ritgerð ætla ég að fjalla um tígrisdýr, hvernig þau lifa, hvar þau lifa og hvernig þau hegða sér. Auk þess ætla ég að fjalla sérstaklega um Síbersk tígrisdýr, en þau eru stærstu kattardýrin.

Rannsóknarspurning: „Eru tígrisdýr í útrýmingarhættu?“

Ég mun reyna að svara þessari spurningu í ritgerðinni.

TÍGRISDÝR

Tígrisdýr eða panthera tigris er stærsta lifandi kattardýrið en það getur orðið allt að 350 cm. og 300 kg. Að þyngd.

Hámarksaldur þeirra er 26 ár.

Tígrisdýr eru upprunnin í NA-hluta Asíu en hafa breiðst út suður og vestur á bóginn. Það hafa verið til 9 tegundir af tígrisdýrum en Bengaltígur, Indókínatígur, Malasíútígur, Súmöturutígur, Síberíútígur og Kínatígur eru tegundirnar sem að eru eftir, Kaspíhafstígur, Balítígur og Jövutígur eru útdauðir.

Árið 1973 var ólöglegt að flytja tígrisdýr sem að fæðast í náttúrunni á milli landa. Týgrisdýrum líður best í raklendi og við árbakka eða monsún og bambusskógum. Þau geta klifrað í trjám en gera það eiginlega aldrei.

(Thorarensen, 1983) (wikipedia, 2014) (Burnie, 2008) (Documentary, 2014)

Ríki	Dýraríkið
Fylking	Seildýr
Flokkur	Spendýr
Ættbálkur	Rándýr
Ætt	Kattardýr
Æthvísli	Stórt kattardýr
Tegund	Tígrisdýr

FÆÐA

Tígrisdýr eru rándýr og veiða sér til matar og veiða yfirleitt þegar að það er myrkur. Þau éta allskonar tegundir af dýrum en samkvæmt rannsóknum í austur – Síberíu eru helstu dýrin villisvín, krónhirtir og elgir. Tígrisdýrin

eru ekki þolmikil og geta því ekki hlaupið lengi. Þau læðast að bráðinni, stökkva á hana, bíta í barkann á dýrinu og rykkja í hann þangað til að bráðin hálsbrotnar.

Tígriisdýr ráðast líka á stærri dýr, eins og fíla og buffalóa en þegar þau ráðast á fíl er ekki hægt að hoppa á hann og bíta í barkann heldu koma þau að fílnum og bíta í hásinarnar þeirra þangað til að fíllinn verður varnarlaus og dettur niður. Þá kemur tígriisdýrið og rífur upp skinnið og étur kjötið. Þau éta allt að 40 kíló af kjöti í einu.

Nálægt þéttbýlissvæðum Asíu er ekki mikið af villibráð og þess vegna fara þau í búféð. Oftast étur tígriisdýrið bráð sína á staðnum en þegar þau stela búfé fara þau með bráðina í burtu.

Tígriisdýr eru mjög sterk og geta borið 170 kg. villisvín langar leiðir. Til eru frásagnir af tígriisdýrum sem hafa borið (dregið) hesta og uxa um langa leið. Tígriisdýr eru ekki mannætur en eiga þó til að éta menn ef að þau geta ekki aflað sér fæðu með eðlilegum hætti t.d. ef þau eru særð, bæklud eða gömul. Dýr sem eru þannig á sig kominn setjast að nálægt þéttbýli og fara á hverju kvöldi og ná sér í þorpsbúa.

(Thorarensen, 1983) (Documentary, 2014)

AFKVÆMI

Kvenkyns tígriisdýr eignast 1 – 7 kettlinga í hverri fæðingu (oftast 3) og ala þá upp með smá eða engri hjálp frá karlinum. Meðgöngutími tígriisdýra er 104 dagar og þau geta fætt á hvaða árstíma sem er. Kettlingarnir geta farið úr bæli sínu 3ja mánaða og fara með að veiða en þeir fara ekki einir að veiða fyrr en þeir eru orðnir 18 mánaða gamlir.

Þó að þeir geti farið út að veiða einir þýðir það ekki að þeir fari frá mömmu sinni og þeir gera það ekki fyrr en þeir eru 2ja – 3ja ára gamlir. (Thorarensen, 1983)



ÚTLIT

Tígrisdýr eru flest appelsínugul og með svartar rendur en þó mismunandi eftir tegundum eins og Súmötrutígur (*panthera tigtis sumatree*) er lítill stutt og dökkhærður með rjómagulan kvið en Bengaltígur (*panthera tigris tigris*) er frekar stór og með langt og ljósara hár. Rákir tígrisdýra eru eins og fingraför manna, engin dýr eru með alveg eins rákir. Tígrisdýr eru röndótt í gegn, ef að maður rakar af þeim hárið þá er húðin röndótt. Þó að algengasti litur tígrisdýra sé appelsínugulur þá geta þau líka verið hvít.

(Thorarensen, 1983)

„Appelsínugul tígrisdýr eru annað hvort arfhrein, það er að segja þau hafa gen sem ráða rauðgula litnum í báðum litningasætum samstæðra litninga, eða arfblendin, en þá er gen fyrir hvítan lit í öðru sætinu og gen fyrir appelsínugulu í hinu. Þar sem hið síðarnefnda er ríkjandi ræður það litnum. Einungis dýr sem hafa gen fyrir hvítum lit í báðum sætum fá hvítan grunnlit.“

(JMH, 2008)

HEGÐUN

Tígrisdýr eru einfarar, það þýðir að þau veiða og ferðast ein. Karldýr geta ferðast mjög langa vegalengd og á veturna nota þau helst vegi ef að það er í boði af því að það fer svo mikil orka í að vera að labba í háum snjósköflum. Tígrisdýr sína mismunandi svipbrigði þegar að þau eru annars vega í árásarstöðu og hinsvegar þegar að þau eru í varnarstöðu .

(Predators, 2014) (Thorarensen, 1983)

„Í árásarstöðu er munnur lokaður , trýni slétt, augu róleg og sperrt eyru snúa aftur, svo sér í ljósan blett æa bakhlíð þeirra en í varnarstöðu, þegar tígrisdýr er hrætt, leggjast eyru þétt að höfði, munnur uppglentur, það fitjar upp á trýnið og kiprar varirnar“. (Thorarensen, 1983, bls. 78)

ÚTRÝMINGARHÆTTA

Tígrisdýr er tákn fyrir dýr í útrýmingahættu í Asíu og þeim fækkar ógurlega mikið í heiminum. Aðal ástæðan fyrir því er maðurinn en 80% tígrisdýra látast af mannavöldum. Í byrjun 20. aldar voru um 100.000 tígrisdýr en nú eru aðeins 3200 dýr eftir. Til að vinna gegn útrýmingarhættu þá eru dýrin friðuð á sérstökum stöðum sem að heita verndarsvæði.

Tígrisdýr búa í 13 löndum og í nóvember 2010 ákváðu þau lönd alþjóðlega tígrisdýradaginn sem að á að fá fólk til þess að hugsa um verndun tígrisdýra. Alþjóðlegi tígrisdýradagurinn er 29. júlí.

(Predators, 2014) (gb times, 2013)

SÍBERSKT TÍGRISDÝR

Síberskt tígrisdýr (*Panthera tigris altaica*) er stærsta lifandi kattardýrið og verður allt að 3,5 metrar á lengd og 300 kg. Þau lifa austarlega í Rússlandi og það eru bara 200-300 dýr eftir en vísindamenn halda að aðeins 100 af þeim séu frjósöm kvenkyns tígrisdýr.

Ef að kvendýrunum mun fækka munu karldýrin fara af verndarsvæðunum í leit að nýum mökum og verða þá í enn meiri hættu. Því miður er til fólk sem að drepur tígrisdýr og selur, en einn síberskur tígur er 6.000.000 króna virði. Feldur dýranna er notaður í tískuiðnað og beinin eru notuð til lækninga.



(National Geographic) (Documentary, 2014) (Predators, 2014)

LOKAORÐ

Nú hef ég fjallað um tígrisdýr og reynt að segja frá útliti þeirra og hegðun. Einnig hef ég fjallað sérstaklega um Síberskt tígrisdýr sem er stærsta lifandi kattardýrið. Tígrisdýr búa í 13 löndum og þau lönd hafa tekið höndum saman við að reyna að stöðva útrýmingarhættuna.

Svar við rannsóknarspurningu: Tígrisdýr eru í mikilli útrýmingarhættu. Þeim hefur fækkað mjög mikið á síðustu öld. Aðal ástæðan fyrir því er maðurinn, en 80% tígrisdýra látast af mannavöldum.

HEIMILDASKRÁ

Burnie, D. (2008). *Dýrin*. Reykjavík: JPV Útgáfa.

Documentary, W. N. (2014, 08 29). *Youtube*. Retrieved 10 14, 2014, from www.youtube.com:
<https://www.youtube.com/watch?v=v129gBW9vAo>

gb times. (2013, 07 30). Retrieved 10 14, 2014, from is.gbtimes.com:
<http://is.gbtimes.com/frettir/thjodir-sameinast-til-hjalpar-tigrisdyrinu>

Halldórsson, J. M. (2002, 09 09). *Vísindavefur*. Retrieved 10 14, 2014, from www.visindavefur.is:
<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=2694>

JMH. (02. 04 2008). *vísindavefurinn.is*. Sótt 13. 10 2014 frá [vísindavefur](http://www.visindavefur.is):
<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=7293>

National Geographic. (n.d.). Retrieved 10 15, 2014, from animals.nationalgeographic.com:
<http://animals.nationalgeographic.com/animals/mammals/siberian-tiger/>

Predators, N. G. (2014, 09 08). *Youtube*. Retrieved 10 14, 2014, from www.youtube.com:
<https://www.youtube.com/watch?v=OIDq1eErGuQ>

Thorarensen, Ó. i. (1983). *Spendýr*. Reykjavík: Veröld.

wikipedia. (2014, 05 14). Retrieved 10 14, 2014, from is.wikipedia.com:
<http://is.wikipedia.org/wiki/T%C3%ADgrisd%C3%BDr>